

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/978

2020/EES/5/26

frá 14. júní 2019

um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 579/2014 um undanþágu frá tilteknum ákvæðum
II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 að því er varðar flutning á
fljótandi olíum og fitu á sjó (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli (1), einkum 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 579/2014 (2) er kveðið á um undanþágu frá 4. lið IV. kafla II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 852/2004 að því er varðar flutning á fljótandi olíum og fitu, sem eru ætlaðar eða líklegt er að verði notaðar til manneldis, með hafskipum við sérstök skilyrði.
- 2) Þessi skilyrði tengjast búnaði og starfsvenjum við flutning sem og viðmiðunum að því er varðar efni sem eru ætluð til flutnings með hafskipum sem fyrri farmur. Efni sem uppfylla þessi skilyrði eru skráð í viðaukann við reglugerð (ESB) nr. 579/2014 (skrá yfir tækan fyrri farm).
- 3) Í álitinu frá 24. nóvember 2016 (3) lagði Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) mat á tækileika metýlasetats, etýltertbútýlethers, ammóníumsúlfats og kalsíumlignósúlfónats sem fyrri farms. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að metýlasetat og etýltertbútýleter uppfylli viðmiðanir fyrir tækileika sem fyrri farmur, að því er varðar ammóníumsúlfat uppfylli einungis vörur af matvælagæðum viðmiðanir fyrir tækileika og að kalsíumlignósúlfónat uppfylli ekki þessar viðmiðanir.
- 4) Því er rétt að breyta skránni yfir tækan fyrri farm sem sett er fram í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 579/2014.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 579/2014 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 159, 17.6.2019, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 290/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 579/2014 frá 28. maí 2014 um undanþágu frá tilteknum ákvæðum II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 að því er varðar flutning á fljótandi olíum og fitu á sjó (Stjútíð. ESB L 160, 29.5.2014, bls. 14).

(3) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(1), 4656.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. júní 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 579/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi færslu er bætt við á eftir færslunni fyrir „2-etylhexanól“:

„Etyltertbutýleter	637-92-3“
--------------------	-----------

- 2) Eftirfarandi færslu er bætt við á eftir færslunni fyrir „metanól“:

„Metýlasetat	79-20-9“
--------------	----------